

Nr. 20-093 S 063 Þórunn Sveinsdóttir VE 401***Skipverji slasast í fiskmóttöku***

Skipaskr.nr. 2401 IMO nr. 9463360
Útgerð: Ós ehf.
Smíðaður: Danmörku 2010, stál
Stærð: 778,9 bt.
Mesta lengd: 40,06 m Skráð lengd: 35,77 m
Breidd: 11,2 m Dýpt: 7,09 m
Vél: M A K 540 kW 2009
Fjöldi skipverja: 15



Þórunn Sveinsdóttir © Jón Páll Ásgeirsson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. janúar 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 28. júlí 2020 var Þórunn Sveinsdóttir VE 401 á togveiðum í Breiðamerkurdýpi. Veður: NA 5 m/sek.

Skipverji sem var að vinna í fiskmóttökunni féll á járnskilrúm og rifbeinsbrotnaði.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var inn í móttökunni við að lempa karfa þegar hann missti fótanna með þeim afleiðingum að hann féll og lenti ofan á skilrúmi með síðuna;
- að móttakan var tvískipt og skilrúmið var um meter á hæð.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.